



Nemendakönnun 2018 áfangaskýrsla

Ábendingar nemenda vegna áskorana í nemendakönnun 2018

Til umræðu á kennarafundi 2. apríl 2019.

Í framhaldi af niðurstöðum nemendakönnunar í september 2018 komu fram eftirfarandi áskoranir:

- Trú á eigin námsgetu og vinnubrögðum í námi
- Fara yfir heimavinnu.
- „Flestir kennarar eru áhugasamir um að nemendum líði vel“ og „Flestir kennarar hlusta vel það sem ég hef að segja“

Eineltisteymi útbjó umræðupunkta fyrir umsjónarkennara og faggreinakennara til að ræða þessar niðurstöður við nemendur. Hér er samantekt úr þeim niðurstöðum.

Trú á eigin vinnubrögðum í námi:

- Þau sögðu að þetta ætti lítið við þau þar sem þau væru ekki að gera þetta nema þeim væri sagt það t.d. þau færu ekki á bókasafnið til að afla upplýsinga nema þeim væri sagt það.
- Skiptar skoðanir nemenda. Sumir eru þeirrar skoðunar að getuskipting sé til þess fallin að draga úr trú á námsgetu þeirra sem standa höllum fæti í íþróttum, það sé niðurdrepani. Aðrir telja slíka getuskiptingu betur fallna til að efla trú á eigin getu þar sem þá séu nemendur á svipuðu getustigi að vinna saman í stað þess að þeir séu settir t.d. með einhverjum sem er kominn mun lengra. Þetta sé þó nokkuð misjafnt og einstaklingsbundið, það fari t.d. mikið eftir því hvernig sterku nemendurnir hagi sér
- Í vinnu með nemendum á öðru getustigi.
- Nemendur benda einnig á að e.t.v. mætti fjölga þeim íþróttagreinum sem teknar eru fyrir enn frekar, það myndi e.t.v. auka líkur á að flestir finni eitthvað við sitt hæfi.
- Nokkrir sögðust ekki telja sig geta lært og var farið yfir ástæður þess og hvaða úrlausnir séu í boði. Bent á heimavinnuaðstoð til að styrkja þessa einstaklinga.
- Nemendur telja sig þurfa að byrja fyrr á skólagöngunni að æfa sig í að skipuleggja nám sitt því þau þurfa mikið á því að halda núna í 10. bekk.
- Þeim vantar svolítið þjálfun í þessu, t.d. að skrifa niður minnispunkta.
- Námsækni þar sem kennt er skipulag o.þ.h.

Trú á eigin námsgetu og nýting á bókasafni

- Fannst vanta valmöguleika að spurning ætti ekki við t.d. þeir sem ekki eru í dönsku. Það eina sem kom í dönsku og ensku væri að kennari gæti notað meiri hópverkefni
- Nemendur telja sig geta notað það en þau bara gera það ekki/sjaldan.

Líðan í skóla

- Þau töldu að það gætu verið margvíslegar ástæður fyrir því að nemendum liði illa.
- Þau nefndu að kannski finnst nemenda ekki gaman í skólanum eða ætti erfitt með að læra.
- Svo nefndu þau að það gætu líka verið ástæður sem tengjast skólanum ekki neitt.
- Svo kom umræða um að nemendur ættu kannski fáa vini í skólanum án þess að vera lagðir í einelti og því liði þeim illa.

Heimanám

- Fannst þetta lítið eiga við þar sem þau hafa lítið heimanám. Kennarar tékka ekki á heimanámi á hverjum degi og þeim fannst það bara fínt. En kennarar fara samt yfir skilaverkefni.
- Nemendur héldu því fram að það væri sáralítið heimanám.
- Bókasafnið er svolítið langt í burtu og það hefur einhvern vegin ekki skapast hefð fyrir því að nota safnið.
- Nemendur telja kennara fara yfir þau skilaverkefni sem lögð eru fyrir en önnur verkefni sem þeir lenda í að vinna heima þar sem þeir ná ekki að ljúka þeim í tíma fara kennarar sjaldnar yfir, t.d. stærðfræði.
- Vantar svarmöguleikann, á ekki við (td heimanám)

Hvað geta kennarar gert til að styðja við nemendur

- Hrósa
- Vera jákvæðir
- Passa sig á því að hrósa ekki bara þeim bestu
- Reyna að efla sjálfstraust nemenda
- Of mikil getuskipting í tímum
- Nemendur telja að kennarar þyrftu stundum að ná að vekja áhuga þeirra betur, þannig myndu þeir muna betur.
- Vera hvetjandi.

Annað

- Könnunin allt of löng og leiðinleg, missir marks nemendur byrja að svara spurn en gera síðan bara eitthvað til að ljúka þessu af
- Spurningar ruglingslegar og orðalag flókið
- Tvær mismunandi spurningar í sömu spurningunni, td æfir þú og keppir með íþróttafélagi (margir æfa án þess að vera að keppa)

Hvernig á að nýta þessar niðurstöður til umbóta í skólastarfinu?

Verkefni kennarafundar / matsteymis?

